

# ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS

3.5.2022 (#3 2022-2023)

Stjórnarfundur er haldinn á skrifstofu ÞRÍ klukkan 17.00

Mættir eru **Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Margrét Magnúsdóttir, Margrét Ágústsdóttir, Arnór Ásgeirsson og starfsmaður sambandsins Hákon Jónsson.**

*Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð.*

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

*Samþykkt*

## 2. Skýrslur nefnda

Fram fer umræða um starf nefnda.

### Dómaranefnd:

Upplýst er að unnið sé að drögum að reglugerð og ramma utan um verktakasamninga við dómara fyrir hverja keppni. Drög verða lögð fram á næstu misserum.

Fjallað er um launagreiðslur dómara í mótum.

Lögð er fram tillaga um að greitt verði fyrir undirbúning yfirdómara, 2 tíma að jafnaði fyrir mót.

*Margrét Magnúsdóttir vikur sæti við afgreiðslu málsins.*

*Samþykkt*

### Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Upplýst er um starf nefndarinnar sem er rétt að fara af stað. Unnið er að manna nefndina en auglýst hefur verið eftir nefndarmönnum. Sumarið fer í að móta vinnu nefndarinnar. Rætt er um mikilvægi þess að vinna að keppni sem er eingöngu fyrir ungmenni þar sem þau eiga það til að hverfa í fjöldann þegar keppnir eru haldnar með blönduðum aldurshópum. Rætt um að hafa æfingahelgi og tengja við mót sem yrði keppni í sundi og hlaupi og aðeins fyrir ungmenni.

## 3. Kjós - skipulagning

Lögð fram tillaga um að auglýsa eftir mótstjóra sem yrði launuð staða.

*Samþykkt*

## 4. Meistaramót aldurshópa í Muenchen, skipulagning, búningar

Fram fer umræða um aldurshópakeppni í Muenchen. Auglýst verður eftir þátttakendum sem fyrst auk þess sem setja verður viðmið um þátttökurétt.

## **5. Önnur mál**

Engin önnur mál tekin fyrir

Fundi slitið klukkan 18.02